

**Námsáætlun fyrir samfélagsgreinar - 6. bekkur  
skólaárið 2018 – 2019**



**Kennari:** Magnús H. Guðmundsson og Erla Jóhannsdóttir

**Tímafjöldi:** 3 tímar á viku í samfélagsfræði, 1 kennslustund í viku í lífsleikni.

| Námsþættir                      | Hæfniviðmið  | Kennsluhættir/leiðir   | Námsmat   |
|---------------------------------|--|--|---|
| Samfélagsfræði<br>Reynsluheimur | <p><b>Markmiðið er að nemandi öðlist hæfni í að:</b></p> <p>gera sér grein fyrir einkennum og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu og sögu landsins, breytilegrar menningar, trúar og lífsviðhorfa</p> <p>greina samhengi heimabyggðar við umhverfi, sögu og menningu</p> <p>nota mikilvæg hugtök til að fjalla um menningar- og samfélagsmálefni</p> <p>skýra tengsl samfélags og lífsviðhorfa fyrr og nú</p> <p>nota kort og gröf til að afla sér upplýsinga</p> <p>ræða á upplýsandi hátt um tímabil, atburði og persónur,</p> | <p>Landafræði; Norðurlönd (haust): Kennslan byggist á lestri, umræðum og verkefnavinnu í tímum ýmist sjálfstætt eða í hóp.</p> <p>Fjallað um Norðurlöndin og einkenni þeirra. Nemendur eru þjálfaðir í að nota kortabækur og afla upplýsinga úr þeim.</p> <p>Saga; Snorra saga (vor): Snorra saga er lesin, rædd og verkefni unnin úr henni.</p> | <p>Námsmat að hausti byggist á könnunum eftir hvern kafla, vinnubók, ástundun og iðni metin.</p> <p>Námsmat að vori byggist á Könnunum, vinnubók og ástundun metin.</p> |

|  |  |  |
|--|--|--|
| <p>sem vísað er til í<br/>þjóðfélagsumræðu</p> <p>velta fyrir sér ýmsum<br/>þáttum sem sagan hefur<br/>mótast af, svo sem<br/>umhverfi,<br/>samfélagsskipulagi og<br/>þjóðfélagsshreyfingum</p> <p>lýsa einkennum og þróun<br/>íslensks þjóðfélags og tekið<br/>dæmi um mikilvæga<br/>áhrifaþætti</p> <p>draga upp mynd af<br/>afmörkuðum efnisþáttum<br/>stórrar og smárrar sögu,<br/>nálægrar eða fjarlægrar</p> <p>greina hvernig sagan birtist í<br/>textum og munum, hefðum<br/>og minningum</p> <p>metið heimildir og ólík sjónarhorn í<br/>umfjöllun um sögu og samtíð</p> <p>séð gildi slysavarna og viðbragða við<br/>slysum í heimahúsum, nærsamfélagi og<br/>náttúrunni</p> |  |  |
|--|--|--|

|                                 |   |   |   |
|---------------------------------|---|---|---|
| <p>Hugarheimur - Sjálfsmynd</p> | <p>Nemendur geti:<br/> Lýst sjálfum sér og tekið dæmi um þætti sem hafa áhrif á sjálfsmynd hans, svo sem úr nærsamfélagi, umhverfi og menningu.</p> <p>Sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn á völdum stöðum og tímum.<br/> Áttað sig á ólíkum kynhlutverkum á nokkrum sviðum og hvernig þau mótast og breytast.</p> <p>Gert sér grein fyrir eigin styrkleikum og veikleikum.</p> <p>Sett sér markmið og gert áætlanir við fjölbreytt viðfangsefni.</p> <p>Lýst margvíslegum tilfinningum og áttað sig áhrifum þeirra á hugsun og hegðun.</p> <p>Tileinkað sér heilbrigða og holla lífshætti.</p> <p>Gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna og rætt þýðingu þess.</p> | <p>Spjall í kennslustundum um hin ýmsu málefni daglegs lífs, hópefli, klípusögur o.fl.</p>                                  | <p>-þátttaka í umræðum<br/> -virkni í kennslustundum</p>  |
| <p>Félagsheimur - Samskipti</p> | <p>Nemendur geti:<br/> Tekið þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu.</p>  | <p>Umræður í kennslustundum um ýmis málefni daglegs lífs, jafnvel tengt nærsamfélaginu, iog mismunandi skoðanir ræddar.</p> | <p>-þátttaka í umræðum<br/> -verkefni<br/> -sjálfsmat</p> |

|   |   |  |  |
|---|---|--|--|
|   | <p>Borið kennsl á ólíkan bakgrunn fólks og virt frelsi þess til mismunandi trúar, lífsgilda, skoðana og lífshátta.</p> <p>Metið og brugðist við ólíkum skoðunum og upplýsingum á fordómalausán hátt.</p> <p>Rætt reglur í samskiptum fólks og tekið þátt í að setja sameiginlegar leikreglur með öðrum.</p> <p>Tekið þátt í samfélagsmálum á ábyrgan hátt.</p> <p>Tjáð þekkingu sína og viðhorf með fjölbreyttum hætti, einn sér og í samstarfi við aðra.</p> <p>Sýnt samferðafólki sínu tillitssemi og umhyggju.</p> <p>Sýnt sanngirni, sjálfstraust og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra.</p> <p>Rætt um eigin athafnir og afleiðingar þeirra.</p> |  |  |
| <p><b>Námsgögn: Saga og landafræði:</b><br/> Norðurlönd, Noðurlönd, verkefnabók, Kortabók. Snorra saga, vinnuhefti.</p> |   |  |  |
| <p><b>Lokanámsmat:</b></p>  |   |  |  |

Að ofan er búið að lista upp þau hæfniviðmið sem verður unnið með þetta skólaár. Nemendur fá endurgjöf frá kennara um framgöngu í námi með fjórum hæfnitáknum og safna þannig á hæfnikort sitt. Lokaeinkunn gefin í bókstöfum A, B+, B, C+, C, D